

**Nd.**

**562. Lög**

um mannanöfn.

(Afgreidd frá Nd. 14. mai).

1. gr.

Hver maður skal heita einu íslensku nafni eða tveim og kenna sig til föður, móður eða kjörföður og jafnan rita nafn og kenningarnafn með sama hætti alla æfi.

2. gr.

Ættarnafn má enginn taka sjer hjer eftir.

3. gr.

Peir íslenskir þegnar og niðjar þeirra, sem bera ættarnöfn, sem eldri eru en frá þeim tíma, er lög nr. 41, 10. nóv. 1913, komu í gildi, mega halda þeim, enda hafi þau ættarnöfn, sem yngri eru en frá síðastliðnum aldamótum, verið tekin upp með löglegri heimild, sbr. 9. gr. þeirra laga. Sama er og um þá erlenda menn, er til landsins flytjast.

Peir íslenskir þegnar og börn þeirra, sem nú bera ættarnöfn, sem upp eru tekin síðan lög nr. 41 1913 komu í gildi, mega halda þeim alla æfi.

Konur þeirra manna, sem rjett hafa til þess að bera ættarnafn, mega nefna sig ættarnafni manns síns.

4. gr.

Ekki mega menn bera önnur nöfn en þau, sem rjett eru að lögum íslenskrar tungu. Prestar skulu hafa eftirlit með, að þessum ákvæðum sje fylgt. Rísi ágreiningur um nafn, sker heimspekideild háskólans úr.

5. gr.

Nú hefir maður hlotið óþjóðlegt, klaufalegt eða erlent nafn áður en lög þessi voru sett, og getur hann þá breytt nafni með leyfi konungs.

6. gr.

Stjórnarráðið gefur út skrá, eftir tillögum heimspekideildar háskólans, yfir þau mannanöfn, er nú eru uppi, sem bönnuð skulu samkvæmt lögum þessum. Skrá þessi skal send öllum prestum landsins. Skráin skal gefin út á hverjum 10 ára fresti, að lokinni útgáfu hins almenna manntals.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, frá 100 til 500 kr., og skulu þær sektir allar renna til rikissjóðs.

Með mál út af lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög nr. 41, 10. nóv. 1913, eru numin úr gildi, svo og önnur laga-ákvæði, er komið geta í bága við lög þessi.